

119. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn fimmtudaginn 12.05. 2016, kl. 20.30
í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Anton Ragnarsson formaður,
Heiðar Magnússon,
Pétur Pétursson,
Fríða Sveinsdóttir,
Alexander F. Kristinnsson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 11.04. 2016, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 118. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Tölvupóstur frá umhverfis og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar dags. 13.04. 2016, varðandi umsókn frá N1 h.f. um að setja upp olíuafgreiðslu við höfnina á Arnarstapa. Sama erindi var tekið fyrir á 118. fundi hafnarstjórnar dags. 21.03. 2016, liður nr. 5 og afgreiðslu frestað. Á 95. fundi hafnarstjórnar dags. 26.05. 2010, var sambærilegt erindi tekið fyrir frá N1 h.f. og var þá eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða.
“Hafnarstjórn er sammála eftirfarandi álitum bæjarstjórnar á fundi hennar dags. 04.03. 2010. Þá vill bæjarstjórn áréttta það við hafnarstjórn að þetta er afar viðkvæmt svæði og æskilegt að tekið sé tillit til þess þegar ákvörðun verður tekin um málið. Þá vill hafnarstjórn benda á að mjög mikil þrengsli eru á hafnarsvæðinu og að ekki er pláss fyrir fleiri olíuafgreiðslur á bryggjunni.”
Hafnarstjórn tekur algjörlega undir þessa bókun og bendir á að aðstæður á hafnarsvæðinu hafa ekki breyst. Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.
3. Aðalskipulag Snæfellsbæjar tímabilið 2015 – 2031, sbr. 9. lið fundar hafnarstjórnar dags. 21.03. 2016. Hafnarstjóri kynnti eftirfarandi tillögur varðandi hafnarsvæði og sjóvarnir í Snæfellsbæ.
 1. Ólafsvík c, hafnarsvæði og sjóvarnir.
 2. Rif, hafnarsvæði.
 3. Arnarstapi, hafnarsvæði.
 4. Hellissandur og svæði vestan Gufuskála, sjóvarnir.
 5. Hellnar, sjóvarnir.
 6. Staðarsveit, sjóvarnir.Tillagan samþykkt samhljóða.
4. Ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2015. Lagt fram til kynningar.
5. Ársreikningur Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar fyrir árið 2015. Hafnarstjóri kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu liði hans. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

6. Tölvupóstur frá Vegagerðinni dags. 12.05. 2016, varðandi niðurstöðu tilboðs vegna kaupa á harðviði fyrir Rifshöfn, Norðurkantur – endurbygging stálþils. Vegagerðin leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda Húsasmiðjuna h.f. á grundvelli tilboðsins að upphæð kr. 1.300.000. án/vsk. Tillaga Vegagerðarinnar samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.30

Anton Ragnarsson formaður.

Pétur Pétursson.

Alexander F. Kristinnsson.

Fríða Sveinsdóttir.

Heiðar Magnússon.

Björn Arnaldsson hafnarstjóri.